

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/116/EB

2008/EES/27/03

frá 23. desember 2004

um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 82/471/EBE að því er varðar skráningu (*)
Candida guilliermondii

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu⁽¹⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lögð hefur verið fram umsókn um leyfi fyrir *Candida guilliermondii*, sem er ræktaður á æti úr jurtaríkinu og tilheyrir afurðaflokknum „1.2.1. ger ræktað í næringar-efnablöndum úr dýra- og jurtaríkinu“ sem um getur í viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE. Þetta fóður er örveruafurð sem byggist á frumum sem falla til við iðnaðarframleiðslu sítrónusýru með gerjun.
- 2) Vísindahópur um aukefni og afurðir eða efni, sem eru notuð í fóður, á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og sendi frá sér álit um notkun þessarar afurðar í fóður hinn 7. júní 2004 og kemst þar að þeirri niðurstöðu að notkun *Candida guilliermondii*, sem er ræktaður á æti úr jurtaríkinu (sykkurreysmelassa), skapi hvorki hættu fyrir heilbrigði manna né dýra né fyrir umhverfið.
- 3) Matið á beiðninni um leyfi, sem lögð var fram að því er varðar notkun *Candida guilliermondii*, sem er ræktaður á æti úr jurtaríkinu, sýnir að þessi afurð stenst kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 82/471/EBE samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í viðaukanum.
- 4) Breyta ber tilskipun 82/471/EBE til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 82/471/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 10.

(¹) Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/104/EB (Stjtið. EB L 295, 13.11.2003, bls. 83).

VIÐAUKI

Í stað afurðaflokks 1.2.1 í viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE komi eftirfarandi:

| Heiti afurðarflokks | Heiti afurðar | Heiti næringarefnis eða örverutegund | Ræktunaræti (nánari tilgreining ef við á) | Einkenni á samsetningu afurðar | Dýrategundir | Sérákvæði |
|---|---|---|---|--------------------------------|--------------------|-----------|
| „1.2.1. Gersveppir, ræktaðir á æti úr dýra- eða jurtaríkinu | Allt ger — úr örverunum og ætinu sem tilgreind eru í 3. og 4. dálki — þar sem frumur hafa verið deyddar | <i>Saccharomyces cerevisiae</i> <i>Saccharomyces carlsbergiensis</i> <i>Kluyveromyces lactis</i> <i>Kluyveromyces fragilis</i> | Melassi, eimingarleifar, korn og afurðir með sterkju, ávaxtasafi, mysa, mjólkursýra og vatnsrofnar jurtatrefjar | | Allar dýrategundir | |
| | | <i>Candida guilliermondii</i> | Melassi, eimingarleifar, korn og afurðir með sterkju, ávaxtasafi, mysa, mjólkursýra og vatnsrofnar jurtatrefjar | Þurrefni að lágmarki 16% | Eldissvín“ | |